



Mánaðarlegt rekstraruppgjör  
A-hluta  
Reykjavíkurborgar  
janúar – mars 2022

## Borgarráð

Fjármála- og áhættustýringarsvið leggur nú fram uppgjör fyrir A-hluta Reykjavíkurborgar tímabilið janúar – mars 2022 ásamt greinargerð. Tilgangurinn er að gefa borgarráði tímanlegar vísbindingar um þróun rekstrar A-hluta borgarinnar vegna stefnumótunar- og eftirlitshlutverks borgarfulltrúa.

Mikilvægt er að hafa eftifarandi atriði í huga við yfirferð rekstraruppgjörsins:

- Uppgjörið er ekki endurskoðað eða með könnunaráritun ytri endurskoðanda.

Í eftifarandi skýrslu er að finna samantekt á helstu niðurstöðum uppgjörsins og ábendingum fjármála- og áhættustýringarsviðs ásamt rekstrarrekningi fyrir tímabilið, stöðu efnahags í lok tímabils og sjóðstreymi A-hluta. Þar á eftir fylgja greinargerðir einstakra fagsviða um helstu frávik milli fjárhagsáætlunar og niðurstöðu tímabilsins (raun). Í skýrslunni er jafnframt gert grein fyrir frávikum í skatttekjum, fjármagnsliðum og framlögum til B-hluta fyrirtækja.

Athygli er vakin á að eignfærðum kostnaði hefur verið skipt upp í réttu hlutfalli við laun og annan rekstrarkostnað. Áætlun ársins og samanburðartölum fyrra árs hefur verið breytt til samræmis þannig að launakostnaður fyrra árs lækkar um 179 m.kr. en annar rekstrarkostnaður hækkar um sömu fjárhæð fyrir fyrsta ársfjórðung.

Minnt er á að meðfylgjandi greinargerð er trúnaðarmál.

Reykjavík, 21. júní 2022


*Halldóra Káradóttir,  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs*

# Efnisyfirlit

---

1. Samandregnar niðurstöður .....	1
2. Árshlutauppgjör A-hluta .....	7
2.1. Fjármagnsliðir A-hluta .....	11
2.2. Aðalsjóður .....	12
2.3. Eignasjóður .....	14
3. Nánar um A-hluta .....	16
3.1 Aðalsjóður .....	16
3.1.1 Íþrótta- og tómstundasvið .....	16
3.1.2 Menningar- og ferðamálasvið .....	18
3.1.3 Skóla- og frístundasvið .....	19
3.1.4 Umhverfis- og skipulagssvið .....	29
3.1.5 Velferðarsvið .....	30
3.1.5.1 Velferðarsvið - bundnir liðir .....	34
3.1.6 Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu .....	36
3.1.7 Sameiginlegur kostnaður .....	37
3.1.8 Fjármála- og áhættustýringarsvið .....	38
3.1.9 Mannauðs- og starfsumhverfissvið .....	39
3.1.10 Þjónustu- og nýsköpunarsvið .....	40
3.1.11 Framlög til B-hluta fyrirtækja .....	42
3.2 Eignasjóður .....	43
3.2.1 Eignaskrifstofa (ESR) .....	43
3.2.2 Verkefnastofa þróunarmála (VST) .....	44
3.2.3 Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (ES) (RHS) .....	45
3.2.4 Umhverfis- og skipulagssvið (ES) .....	46
Viðauki 1: Rekstraryfirlit Aðalsjóðs .....	47
Viðauki 2: Málaflokkayfirlit Aðalsjóðs .....	47
Viðauki 3: Rekstraryfirlit sviða Aðalsjóðs .....	48
Viðauki 4: Rekstraryfirlit Eignasjóðs .....	49
Viðauki 5: Rekstur Eignaskrifstofu (ESR) .....	49
Viðauki 6: Rekstur Verkefnastofu þróunarmála (VST) .....	50
Viðauki 7: Rekstur Skrifstofu borgarstjóra og borgarritara (ES) (RHS) .....	50
Viðauki 8: Rekstur Umhverfis- og skipulagssviðs Eignasjóðs (USK) .....	50
Viðauki 9: Fjárfestingayfirlit Eignasjóðs .....	51


## 1. Samandregnar niðurstöður



Rekstur A-hluta (í m.kr.)	Raun 2022_03	Áætlun	Frávik	%	Raun 2021_03	Breyting	%
Staðgreiðsla	24.477	23.886	591	2,50%	23.038	1.439	6,20%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-2.967	-2.895	-72	2,50%	-2.792	-174	6,20%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	-536	0	-536	n/a	-279	-257	92,10%
<b>Nettó útsvar</b>	<b>20.974</b>	<b>20.991</b>	<b>-16</b>	<b>-0,10%</b>	<b>19.966</b>	<b>1.008</b>	<b>5,00%</b>
Fasteignaskattar	5.488	5.488	0	0,00%	5.136	351	6,80%
Lóðarleiga	521	489	32	6,40%	461	60	13,00%
Afskrifaðir/niðurfærðir fasteignaskattar, breyting	0	0	0		0	0	
<b>Fasteignaskattar samtals</b>	<b>6.009</b>	<b>5.977</b>	<b>31</b>	<b>0,50%</b>	<b>5.597</b>	<b>411</b>	<b>7,40%</b>
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>26.983</b>	<b>26.968</b>	<b>15</b>	<b>0,10%</b>	<b>25.563</b>	<b>1.419</b>	<b>5,60%</b>
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.105	2.073	32	1,50%	1.838	267	14,50%
Þjónustutekjur	3.086	3.106	-21	-0,70%	2.724	361	13,30%
Eignatekjur	7.024	6.546	478	7,30%	6.177	848	13,70%
Sala byggingaráttar	1.235	1.250	-15	-1,20%	729	506	69,40%
Söluhagnaður eigna	355	100	255	256,10%	4	351	8310,90%
Endurgreiðslur annarra	1.549	1.076	473	44,00%	1.392	157	11,30%
Aðrar tekjur	649	653	-4	-0,60%	600	48	8,00%
Milliviðskipti tekin út	-7.676	-7.164	-512	7,20%	-6.633	-1.043	15,70%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>35.310</b>	<b>34.608</b>	<b>702</b>	<b>2,00%</b>	<b>32.396</b>	<b>3.957</b>	<b>12,20%</b>
Laun og launatengd gjöld	-21.362	-20.531	-831	4,00%	-20.042	-1.319	6,60%
Gjalfærsla lífeyrisskuldbindingar við LsRb.	-675	-675	0	0,00%	-875	200	-22,90%
<b>Launkostnaður samtals</b>	<b>-22.037</b>	<b>-21.206</b>	<b>-831</b>	<b>3,90%</b>	<b>-20.917</b>	<b>-1.119</b>	<b>5,40%</b>
Annar rekstrarkostnaður	-14.258	-13.309	-949	7,10%	-12.823	-1.435	11,20%
Afskriftir	-1.722	-1.811	88	-4,90%	-1.545	-177	11,50%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-38.016</b>	<b>-36.325</b>	<b>-1.691</b>	<b>4,70%</b>	<b>-35.285</b>	<b>-2.732</b>	<b>7,70%</b>
Fjármagnsliðir	-2.087	-1.177	-910	77,30%	-1.375	-712	51,80%
<b>EBITDA</b>	<b>-984</b>	<b>94</b>	<b>-1.078</b>	<b>-1150,40%</b>	<b>-1.344</b>	<b>360</b>	<b>-26,80%</b>
<b>EBIT</b>	<b>-2.706</b>	<b>-1.717</b>	<b>-989</b>	<b>57,60%</b>	<b>-2.889</b>	<b>182</b>	<b>-6,30%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-4.793</b>	<b>-2.894</b>	<b>-1.899</b>	<b>65,60%</b>	<b>-4.263</b>	<b>-530</b>	<b>12,40%</b>

**Rekstrarniðurstaða A-hluta** sem samanstendur af Aðalsjóði og Eignasjóði var neikvæð um 4.793 m.kr. sem var 1.899 m.kr. lakari niðurstaða en áætlað var.

**Grunnreksturinn**, þ.e. rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði og afskriftir (EBITDA) var neikvæður um 984 m.kr. sem var um 1.078 m.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir, þar af voru rekstrartekjur samtals 702 m.kr. yfir áætlun en á móti kemur að rekstrargjöld að afskriftum undanskildum voru um voru um 1.779 m.kr. yfir áætlun.



**Tekjur:** Skatttekjur voru 26.983 m.kr. eða 15 m.kr. yfir áætlun, þar af var **staðgreiðsla útsvars** 591 m.kr. yfir áætlun. **Endurgreiðslur annarra** námu 1.549 m.kr. og voru 473 m.kr. yfir áætlun einkum frá ríkinu og öðrum sveitarfélögum. **Eignatekjur** námu 7.024 m.kr. og voru 478 m.kr. yfir áætlun einkum vegna hærri verðbólgu á tímabilinu. Stærsti þátturinn í eignatekjum eru innri leigutekjur sem nettast út í milliviðskiptum. **Sala byggingarréttar** nam 1.235 m.kr. og var 15 m.kr. undir áætlun. **Söluhagnaður eigna** nam 355 m.kr. og var 255 m.kr. yfir áætlun. **Pjónustutekjur** námu 3.086 m.kr. og voru 21 m.kr. undir áætlun.

**Gjöld:** **Laun og launatengd gjöld** voru 21.362 m.kr. eða um 831 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4%. Þar af skýrast 317 m.kr. af aukamönnun og yfirvinnu vegna Covid-19. **Gjaldfærsla lifeyrisskuldbindingar** vegna LsRb nam 675 m.kr. en gjaldfært var í samræmi við áætlun. **Annar rekstrarkostnaður** nam 14.258 m.kr. og var um 949 m.kr. umfram fjárheimildir. Helstu frávik voru í vetrarþjónustu sem var 451 m.kr. yfir fjárheimildum og vegna vistunar barna með þroska- og geðraskanir sem voru 326 m.kr. yfir fjárheimildum. Ósamþykktir reikningar í lok mars sem færast á apríl námu 187 m.kr. **Fjármagnsgjöld** að frádregnum fjármunatekjum voru 910 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir aðallega vegna hærri verðbólgu en vísalta neysluverðs á tímabilinu hækkaði um 2,6% en áætlun gerði ráð fyrir 0,83% hækkun.


Rekstur málaflokka (í m.kr.)	Niðurstaða janúar-mars 2022	Áætlun janúar-mars 2022	Frávik	%	Nettó útgjöld málaflokka í hlutfalli af skatttekjum A-hluta
Fjármála- og áhættustýringarsvið	340	350	-10	-3%	1%
Framlög til B-hluta fyrirtækja	1.025	1.008	17	2%	4%
Íþróttá- og tómstundasvið	2.821	2.828	-7	0%	10%
Menningar- og ferðamálasvið	1.572	1.629	-56	-3%	5%
Mannaúðs- og starfsþróunarsvið	99	100	-1	-1%	0%
Skrifstofur miðlægrar stjórnsýslu	461	472	-10	-2%	2%
Skóla- og frístundasvið	16.509	15.925	584	4%	57%
Umhverfis- og skipulagssvið Aðalsjóðs	3.151	2.268	883	39%	11%
Velferðarsvið án bundinna liða	8.273	8.071	202	2%	28%
Velferðarsvið, bundnir liðir	1.224	1.274	-49	-4%	4%
Þjónustu- og nýsköpunarsvið	677	735	-58	-8%	2%
Sameiginlegur kostnaður án					
lífeyrisskuldbindinga við LsRb	744	872	-129	-15%	3%
Lífeyrisskuldbindingar við LsRb	675	675	0	0%	2%
<b>Málaflokkar Aðalsjóðs samtals</b>	<b>37.572</b>	<b>36.208</b>	<b>1.365</b>	<b>4%</b>	<b>129%</b>
<b>Skatttekjur A-hluta og framlög Jöfnunarsjóðs íslenskra sveitarfélaga</b>					<b>29.088</b>
Eignaskrifstofa	-5.157	-4.274	-884	21%	
Verkefnastofa þróunarmála	44	34	10	30%	
Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara (ES) (RI)	-1.220	-1.202	-18	2%	
Umhverfis- og skipulagssvið Eignalsjóðs	553	547	6	1%	
<b>Málaflokkar Eignasjóðs samtals</b>	<b>-5.780</b>	<b>-4.894</b>	<b>-886</b>	<b>18%</b>	

Helstu frávik frá áætlun eru hjá umhverfis- og skipulagssviði í Aðalsjóði sem var 883 m.kr. umfram fjárheimildir, skóla- og frístundasviði sem var 584 m.kr. umfram fjárheimildir og velferðarsviði án bundinna liða sem var 202 m.kr. umfram fjárheimildir.

	í m.kr.	Skuldir og skuldbindingar A-hluta janúar - mars 2022					Breyting skammtíma- skulda	Staðan 31.03.2022
		Staðan 31.12.2021	Lántaka	Afborganir	Verðbreyting	Áfallnar skuldbindingar		
Lífeyrisskuldbinding*	36.703		-596			675		36.782
Langtímaskuldir*	78.246	4.128	-466	1.563				83.471
Langtímaskuldir við eigin fyrirtæki*	3		-3	0				0
Leiguskuldbindingar*	11.083		-279	291				11.095
Skammtímaskuldir við lánastofnanir	40					175	215	
Viðskiptaskuldir	5.326					-1.998	3.328	
Skammtímaskuldir við eigin fyrirtæki	555					159	714	
Fyrirframgr. (frá ríki v. Sléttuvegar)	87					0	87	
Ógr. laun og launat.gj., áf. orlof	9.980					3.822	13.802	
Aðrar skammtímaskuldir	2.562					996	3.557	
	144.585	4.128	-1.344	1.854	675	3.153	153.051	


\* ásamt næsta árs afborgun

Hér má sjá yfirlit yfir þróun skulda og skuldbindinga frá áramótum. Lántokuáætlun ársins vegna framkvæmda hljóðar upp á 25.000 m.kr. og var í mars búið að taka lán með áföllnum vöxtum að fjárhæð 4.653 m.kr. Hækkun ógreiddra launa og launatengdra gjalda má rekja til þess að laun vegna desember voru greidd 31.12.2021 en laun fyrir marsmánuð 1.4.2022. Undir þessum lið er ógreitt áfalið orlof sem nam 7 ma.kr.



Hér má sjá þróun hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi<sup>1</sup> skulda A-hluta frá árinu 2018. Breytingar á **hreinum vaxtaberandi skuldum** á fyrstu þremur mánuðum ársins 2022 má að mestu rekja til lántöku tímabilsins. Aukningin í **hreinum skuldum** má auk lántökunnar að mestu rekja til að launaútborgun vegna mars var ekki greidd út fyrr en 1. apríl.

**Athygli er vakin** á að við útreikning á hlutfalli hreinna skulda og hreinna vaxtaberandi skulda af tekjum er nauðsynlegt að skala tekjur upp m.v. heilt ár.





**Handbært fé** frá áramótum til loka mars hækkaði um 3.314 m.kr. Fjárfestingar að frádregnum greiddum gatnagerðagjöldum og byggingarárétti námu 2.062 m.kr. Lántaka nam 4.128 m.kr. Afborganir lána og leiguskulda voru 748 m.kr.

Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var **-6,0%** á fyrstu þremur mánuðum ársins 2021.

<sup>1</sup> Hreinar vaxtaberandi skuldir eru skilgreindar sem langtímalán og leiguskuldir ásamt næsta árs afborgun þeirra að frádregnum öðrum vaxtaberandi langtímakröfum og næsta árs afborgun þeirra, verðbréfæign og bundnum bankainnstæðum ásamt handbæru fé.

Hreinar skuldir eru allar skuldir og skuldbindingar að frádregnum langtímakröfum á eigin fyrirtæki, fyrirframgreiddum kostnaði, öðrum langtímakröfum og veltufjármunum.



**Fjármögnun A-hluta og greiðslugeta** gagnvart fjárfestingum og framlagi vegna lífeyrisskuldbindinga hjá LsRb er lýst með því að bera þessar greiðsluskuldbindingar saman við veltufé frá rekstri og fjárfestingatekjur.

#### Fjármála- og áhættustýringarsvið vekur athygli á:

- Vetrarþjónusta var 451 m.kr. yfir fjárheimildum vegna ótíðar á tímabilinu.
- Fjármagnsliður var 910 m.kr. yfir fjárheimildum einkum vegna aukinnar verðbólgu en vísalta neysluverðs á tímabilinu hækkaði um 2,6% en áætlun gerði ráð fyrir 0,83% hækkun.
- Veltufé frá rekstri í hlutfalli af tekjum var neikvætt um 6% á tímabilinu sem er í samræmi við áætlun. Þetta hlutfall hefur verið veikt síðustu tvö ár vegna mikilla útgjalda í kjölfar Covid-19.

## Ábendingar Fjármála- og áhættustýringarsviðs:

- Útgjöld vegna vistunar barna með alvarlegar þroska- og geðraskanir voru 326 m.kr. umfram fjárheimildir Hér er um mjög alvarlega stöðu að ræða þar sem útgjöld hafa hækkað mikið á síðustu árum. Þörf er á frekari stefnumörkun um hvernig tekist er á við þennan vanda, kostnaðarskiptingu á milli ríkis og sveitarfélaga og markvissum áætlunum til úrbóta.
- Í borgarreknum grunnskólum er raunkostnaður 261 m.kr. umfram fjárheimildir. Á síðasta ári var samþykkt nýtt reiknilíkan fyrir grunnskóla og fjárheimildir auknar um 1,5 ma.kr. Samhliða nýja líkaninu voru samþykktar reglur um eftirlit með rekstri grunnskóla þar sem kemur fram hvernig bregðast skal við frávikum. Mikilvægt er að sviðið framfylgi þessum leikreglum og að stjórnendur móti aðgerðir til að rekstur stofnana verði innan fjárheimilda á árinu 2022.
- Í borgarreknum leikskólum er raunkostnaður 468 m.kr. eða 12,4% umfram fjárheimildir. Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla frá hausti 2020 og er hallinn fyrstu þrjá mánuði ársins 2022 hlutfallslega meiri en hann var á árinu 2021. Mikilvægt er að hraða útfærslu á nýju leikskólalíkani til að tryggja nauðsynlega yfirsýn yfir rekstur leikskólanna.

## 2. Árhlutauppgjör A-hluta

---

### Rekstrarreikningur janúar - mars 2022

	A-hluti		
	Árhlutareikningur jan. - mars 2022	Fjárhagsáætlun jan. - mars 2022	Árhlutareikningur jan. - mars 2021
<b>REKSTRARTEKJUR</b>			
Skatttekjur .....	26.982.850	26.967.707	25.563.466
Framlög jöfnunarsjóðs sveitarfélaga .....	2.105.498	2.073.368	1.838.280
Aðrar tekjur .....	6.221.872	5.567.174	4.994.391
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>35.310.220</b>	<b>34.608.249</b>	<b>32.396.136</b>
<b>REKSTRARGJÖLD</b>			
Laun og launatengd gjöld .....	21.361.640	20.530.694	19.863.030
Hækkun lífeyrisskuldbindinga .....	675.000	675.000	875.000
Annar rekstrarkostnaður .....	14.257.652	13.308.870	13.001.875
Afskriftir fastafjármuna .....	1.722.163	1.810.540	1.544.769
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>38.016.455</b>	<b>36.325.104</b>	<b>35.284.673</b>
Rekstrarniðurstaða fyrir fjármunatekjur og fjármagnsgjöld .....	( 2.706.235 )	( 1.716.855 )	( 2.888.537 )
Fjármunatekjur og (fjármagnsgjöld) .....	( 2.086.788 )	( 1.176.958 )	( 1.374.544 )
<b>Rekstrarniðurstaða .....</b>	<b>( 4.793.023 )</b>	<b>( 2.893.813 )</b>	<b>( 4.263.081 )</b>

# Efnahagsreikningur 31. mars 2022

## Eignir

	A-hluti	Ársreikningur
	Árshlutareikningur 31.03.2022	31.12.2021
<b>FASTAFJÁRMUNIR</b>		
Óefnislegar eignir .....	<u>2.377.225</u>	<u>2.044.271</u>
Varanlegir rekstrarfjármunir:		
Fasteignir .....	135.757.444	134.340.046
Gatnakerfi .....	29.132.241	28.973.357
Áhöld og tæki .....	6.114.036	5.930.242
Leigðar eignir .....	4.870.708	5.034.105
	<b><u>175.874.429</u></b>	<b><u>174.277.749</u></b>
Áhættufjármunir og langtímakröfur:		
Eignarhlutar í félögum .....	13.893.257	13.893.257
Fyrirframgreiddur kostnaður, Brú lífeyrissj. .....	8.763.706	8.859.995
Aðrar langtímakröfur .....	761.633	903.126
	<b><u>23.418.595</u></b>	<b><u>23.656.378</u></b>
Fastafjármunir samtals	<b><u>201.670.249</u></b>	<b><u>199.978.398</u></b>
<b>VELTUFJÁRMUNIR</b>		
Skammtímakröfur:		
Óinnheimtar tekjur og viðskiptakröfur .....	15.363.069	15.992.454
Næsta árs afborganir annarra langtíma kr.	595.432	686.596
Viðskiptakröfur á eigin fyrirtæki .....	247.211	340.375
Fyrirframgreiddur kostnaður, Brú lífeyrissj. .....	388.081	388.081
Aðrar skammtímakröfur .....	3.299.231	3.818.043
Handbært fé .....	18.589.896	15.276.111
	<b><u>38.482.921</u></b>	<b><u>36.501.660</u></b>
Veltufjármunir samtals	<b><u>240.153.170</u></b>	<b><u>236.480.058</u></b>

# Efnahagsreikningur 31. mars 2022

## Eigið fé og skuldir

	A-hluti	Árshlutareikningur 31.03.2022	Ársreikningur 31.12.2021
<b>EIGIÐ FÉ</b>			
Eiginfjárréikningur .....	87.101.754	91.894.777	
<b>Eigið fé samtals</b>	<b>87.101.754</b>	<b>91.894.777</b>	
<b>SKULDBINDINGAR</b>			
Lífeyrisskuldbinding .....	34.473.414	34.394.045	
<b>Skuldbindingar samtals</b>	<b>34.473.414</b>	<b>34.394.045</b>	
<b>LANGTÍMASKULDIR</b>			
Langtímalán .....	80.045.386	75.120.045	
Leiguskuldir .....	9.933.868	9.961.099	
<b>Langtímaskuldir samtals</b>	<b>89.979.254</b>	<b>85.081.144</b>	
<b>SKAMMTÍMASKULDIR</b>			
Skuldir við lánastofnanir .....	214.949	40.128	
Viðskiptaskuldir .....	3.328.412	5.326.413	
Næsta árs afborganir langtímalána .....	3.425.582	3.125.701	
Næsta árs afb. langtímalána við eigin fyrirtæki .....	0	3.343	
Næsta árs afborganir leiguskulda .....	1.160.744	1.121.881	
Skammtímhældi lífeyrisskuldbindingar .....	2.309.000	2.309.000	
Skuldir við eigin fyrirtæki .....	713.620	554.575	
Fyrirfram innheimt .....	87.060	87.060	
Aðrar skammtímaskuldir .....	17.359.382	12.541.992	
<b>Skammtímaskuldir samtals</b>	<b>28.598.749</b>	<b>25.110.092</b>	
<b>Skuldir og skuldbindingar samtals</b>	<b>153.051.416</b>	<b>144.585.281</b>	
<b>EIGIÐ FÉ OG SKULDIR SAMTALS .....</b>	<b>240.153.170</b>	<b>236.480.058</b>	

# Yfirlit um sjóðstreymi janúar - mars 2022

	<u>Árshlutareikningur jan. - mars 2022</u>	<u>Fjárhagsáætlun jan. - mars 2022</u>	<u>Árshlutareikningur jan. - mars 2021</u>
<b>REKSTRARHREYFINGAR</b>			
Niðurstaða samkvæmt rekstrarreikningi .....	( 4.793.023 )	( 2.893.813 )	( 4.263.081 )
Liðir sem hafa ekki áhrif á fjárdstreymi:			
Söluhagnaður eigna .....	( 1.589.943 )	( 1.349.715 )	( 733.242 )
Reiknaðar afskriftir .....	1.722.163	1.810.540	1.544.769
Verðbætur, afföll og gengismunur .....	1.852.273	392.287	843.434
Breyting lífeyrisskuldbindingar .....	675.000	675.000	875.000
Niðurfærsla langtímakrafna .....	0	( 600.000 )	( 92.171 )
<b>Veltufé frá rekstri</b>	<b>( 2.133.530 )</b>	<b>( 1.965.701 )</b>	<b>( 1.825.291 )</b>
Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, (hækkun), lækkun .....	1.360.686	50.000	119.732
Skammtímaskuldir, (lækkun), hækkun .....	2.978.435	252.116	1.165.219
Framlag vegna lífeyrisgreiðslna ársins .....	( 595.631 )	( 612.500 )	( 507.186 )
Fyrirframgreitt framlag til Brúar lsj, breyting .....	96.289	96.289	96.111
<b>Breytingar á rekstrartengdum eignum og skuldum</b>	<b>3.839.778</b>	<b>( 214.095 )</b>	<b>873.876</b>
<b>Handbært fé frá rekstri</b>	<b>1.706.249</b>	<b>( 2.179.796 )</b>	<b>( 951.415 )</b>
<b>FJÁRFESTINGARHREYFINGAR</b>			
Fjárfesting í varanlegum rekstrarfjármunum .....	( 3.507.354 )	( 3.687.749 )	( 2.032.050 )
Fjárfesting í óefnislegum eignum .....	( 471.399 )	( 666.239 )	( 150.938 )
Innborguð gatnagerðargjöld .....	324.257	900.000	408.531
Sala byggingarréttar .....	1.234.832	1.250.000	729.020
Söluverð seldra rekstrarfjármuna .....	357.810	99.715	137.953
Breyting á eignarhlutum .....	0	( 479.256 )	( 637.249 )
Skammtímalíðir vegna fjárfestinga .....	0	0	( 8.269 )
Langtímakröfur, breyting .....	146.789	290.000	3.506.015
<b>Fjárfestingarhreyfingar</b>	<b>( 1.915.065 )</b>	<b>( 2.293.529 )</b>	<b>1.953.013</b>
<b>FJÁRMÖGNUNARHREYFINGAR</b>			
Tekin ný langtímalán .....	4.127.799	5.516.667	5.157.394
Afborganir langtímalána .....	( 469.367 )	( 543.418 )	( 361.094 )
Afborganir leiguskulda .....	( 279.089 )	( 277.740 )	( 253.709 )
Skammtímaskuldir við lánastofnanir .....	174.821	0	( 535.606 )
Aðrar hreyfingar .....	( 31.563 )	0	57.624
<b>Fjármögnunarhreyfingar</b>	<b>3.522.601</b>	<b>4.695.508</b>	<b>4.064.609</b>
<b>HÆKKUN (LÆKKUN) Á HANDBÆRU FÉ .....</b>	<b>3.313.785</b>	<b>222.184</b>	<b>5.066.207</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í ÁRSBYRJUN .....</b>	<b>15.276.111</b>	<b>14.546.655</b>	<b>8.110.912</b>
<b>HANDBÆRT FÉ Í LOK TÍMABILS .....</b>	<b>18.589.896</b>	<b>14.768.838</b>	<b>13.177.119</b>

## 2.1. Fjármagnsliðir A-hluta

Fjármagnsliður A-hluta 2022 (í m.kr.)	Raun	Áætlun	Frávik
Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár	83	63	-20
Vaxtatekjur af skatttekjum	12	21	9
Aðrar vaxtatekjur	3	3	0
Vaxta- og verðb. tekjur frá B-hluta	1	1	0
Dráttarvaxtatekjur	40	23	-17
Tekjur af ábyrgðargjaldi	116	103	-13
Arður	0	0	0
<b>Fjármunatekjur samtals</b>	<b>256</b>	<b>213</b>	<b>-43</b>
Vaxta og verðbótagjöld	-2.278	-1.316	962
Dráttarvaxtagjöld	-1	-11	-10
Fjármagnstekjuskattur	-55	-24	31
Lántökukostnaður	-8	-38	-30
<b>Fjármagnsgjöld samtals</b>	<b>-2.342</b>	<b>-1.390</b>	<b>953</b>
<b>Samtals</b>	<b>-2.087</b>	<b>-1.177</b>	<b>910</b>

borgarinnar hjá Íslenskum verðbréfum í lok mars námu 7.289 m.kr. undir áætlun vegna minni lántöku en áætlanir gerðu ráð fyrir. Önnur frávik eru að á tímabilinu var greiddur fjármagnstekjuskattur sem var 31 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir.

**Handbært fé** A-hluta í lok mars var 18.590 m.kr. Fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að staða á handbæru fé væri um 14.769 m.kr. í lok mars.

**Lánastýring:** Staða lána í A-hluta án leiguskulda var 83.471 m.kr. í lok mars en var 78.249 m.kr. í upphafi árs.

**Lántökuaætlun** ársins vegna framkvæmda hljóðar upp á 25.000 m.kr. og var í mars búið að taka lán að fjárhæð 4.653 m.kr. með áföllnum vöxtum og er því ónýtt lántökuheimild í lok mars 20.348 m.kr. Sjá töflu. Útgáfuáætlun ársins gerir ráð fyrir regluglegum útboðum, alls 10 á árinu. Í mars voru sold bréf í RVK 32 1 fyrir 1.479 m.kr. og í RVKG 48 1 fyrir 2.039 m.kr.

**Innheimtur:** Málum í milli- og löginnheimtu hefur fækkað um 19,3% á milli ára og heildarupphæð mála í milli- og löginnheimtu hefur lækkað um 4,1% á milli ára.

Í milliinnheimtu er 21,7% fækkun fjölda mála á milli ára og fjárhæð mála er 30,3% lægri en fyrir ári síðan.

Í löginnheimtu er 0,9% fjölgun mála á milli ára og fjárhæð mála er 57,4% hærri en fyrir ári síðan.

**Efnahagsmál:** Vísitala neysluverðs hækkaði um 0,94% milli febrúar og mars og hækkaði ársverðbólga milli mánaða í 6,7% úr 6,2%. Í fjárhagsáætlun var gert ráð fyrir 3,30% ársverðbólguhækkun á árinu 2022. Frá ársþyrjun hefur vísitala neysluverðs hækkað um 2,6% samanborið við 0,83% sem gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun.

**Vaxtaþróun:** Meginvextir Seðlabanka Íslands voru 2,75% í lok mars og hækkuðu um 0,75 prósentustig í mars.

**Fjármagnsliður A-hluta** á tímabilinu var neikvæður um 2.087 m.kr. en áætlun gerði ráð fyrir að hann yrði neikvæður um 1.177 m.kr. Nettó fjármagnsgjöld voru 910 m.kr. hærri en áætlanir gerðu ráð fyrir. Frávik frá áætlun skýrist af verðbótagjöldum sem eru mikil hærri vegna hærri verðbólgu en gert var ráð fyrir í áætlun. Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár var 20 m.kr. yfir áætlun og lántökukostnaður var 30 m.kr. undir áætlun vegna minni lántöku en áætlanir gerðu ráð fyrir. Önnur frávik eru að á tímabilinu var greiddur fjármagnstekjuskattur sem var 31 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir.


**Lausafjárstýring:** Ávöxtun verðbréfa og handbærs fjár það sem af er ári er 83 m.kr. Heildarfjármunir í skuldabréfasafni

Flokkar	26.1.2022	9.3.2022
RVK 32 1	831	1.479
RVKG 48 1		2.039
RVKN 35 1	304	
Samtals MV	1.135	3.518
Uppsaflað MV	1.135	4.653

	31.3.2021		31.3.2022	
	Fjöldi	Fjárhæð	Fjöldi	Fjárhæð
Mál í löginnheimtu	1.104	485.456	1.114	764.289
Kröfur í milliinnheimtu	9.068	1.140.802	7.098	794.711
Samtals	10.172	1.626.258	8.212	1.558.999

Fjárhæðir í þús. kr.

## 2.2. Aðalsjóður



Rekstur Aðalsjóðs (í m.kr.)	Raun 2022-03	Áætlun	Frávik	%	Raun 2021-03	Breyting	%
Staðgreiðsla	24.477	23.886	591	2,5%	23.038	1.439	6,2%
Hlutdeild Jöfnunarsjóðs í staðgr.	-2.967	-2.895	-72	2,5%	-2.792	-174	6,2%
Skattbreytingar, niðurfærslur og afskrift skatttekna	-536	0	-536	n/a	-279	-257	92,1%
<b>Nettó útsvar</b>	<b>20.974</b>	<b>20.991</b>	<b>-16</b>	<b>-0,1%</b>	<b>19.966</b>	<b>1.008</b>	<b>5,0%</b>
Fasteignaskattar	6.564	6.533	31	0,48%	6.125	438	7,2%
<b>Skatttekjur samtals</b>	<b>27.538</b>	<b>27.523</b>	<b>15</b>	<b>0,1%</b>	<b>26.092</b>	<b>1.446</b>	<b>5,5%</b>
Endurgeiðslur annarra:							
Gr. frá ríkissjóði v. heimahjúrunar	558	560	-2	-0,4%	409	150	36,6%
Gr. frá ríkissjóði v. þjónustu við hælisleitendur	187	174	13	7,5%	160	28	17,3%
Uppgjör sveitarfélaga vegna skólakostn.	268	225	43	19,1%	301	-33	-11,0%
Aðrar greiðslur frá ríki og sveitarfélögum	415	75	340	450,4%	332	84	25,3%
Ýmsir styrkir	120	41	79	194,7%	191	-71	-37,1%
<b>Endurgeiðslur annarra samtals:</b>	<b>1.549</b>	<b>1.076</b>	<b>473</b>	<b>44,0%</b>	<b>1.392</b>	<b>157</b>	<b>11,3%</b>
Framlög Jöfnunarsjóðs	2.105	2.073	32	1,5%	1.838	267	14,5%
Þjónustutekjur	2.937	2.933	5	0,2%	2.567	371	14,4%
Eignatekjur	81	131	-50	-38,1%	135	-53	-39,7%
Aðrar tekjur	647	607	41	6,7%	596	51	8,5%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>34.859</b>	<b>34.343</b>	<b>516</b>	<b>1,5%</b>	<b>32.621</b>	<b>2.238</b>	<b>6,9%</b>
Laun og launatengd gjöld	-20.903	-20.090	-813	4,0%	-19.533	-1.370	7,0%
Hækkun lífeyrisskuldbindingar LsRb	-675	-675	0	0,0%	-875	200	-22,9%
<b>Launakostnaður samtals</b>	<b>-21.578</b>	<b>-20.765</b>	<b>-813</b>	<b>3,9%</b>	<b>-20.408</b>	<b>-1.170</b>	<b>5,7%</b>
Annar rekstrarkostnaður	-21.209	-20.188	-1.021	5,1%	-18.881	-2.328	12,3%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-42.787</b>	<b>-40.954</b>	<b>-1.833</b>	<b>4,5%</b>	<b>-39.289</b>	<b>-3.498</b>	<b>8,9%</b>
Fjármagnsliðir	1.317	900	417	46,4%	563	754	133,8%
<b>EBITDA</b>	<b>-7.929</b>	<b>-6.611</b>	<b>-1.318</b>	<b>19,9%</b>	<b>-6.668</b>	<b>-1.260</b>	<b>18,9%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>-6.612</b>	<b>-5.711</b>	<b>-901</b>	<b>15,8%</b>	<b>-6.105</b>	<b>-507</b>	<b>8,3%</b>


**Rekstrarniðurstaðan var neikvæð um 6.612 m.kr.** sem var 901 m.kr. lakari niðurstaða en áætlun gerði ráð fyrir. Rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði (EBITDA) var neikvæð um 7.929 m.kr. eða um 1.318 m.kr. lakari en áætlun gerði ráð fyrir.

**Rekstrartekjur** Staðgreiðsla var 591 m.kr. yfir áætlun eða 2,5%. **Skattbreytingar og niðurfærslur skatttekna** voru 536 m.kr. yfir áætlun.

**Rekstrargjöld** voru 1.833 m.kr. umfram fjárheimildir eða 4,5%. **Laun og launatengd gjöld** námu 20.903 m.kr. eða 813 m.kr. umfram fjárheimildir. Frávik í launakostnaði voru mest á skóla- og fristundasviði 449 m.kr. ásamt velferðarsviði án bundinna liða 253 m.kr. **Gjalfærsla lífeyrisskuldbindingar** vegna LsRb nam 675 m.kr. en gjaldfært var í samræmi við áætlun. **Annar rekstrarkostnaður** var 21.209 m.kr. eða 1.021 m.kr. umfram fjárheimildir. Ósamþykktir og ógjalfærðir reikningar hjá Aðalsjóði námu 128 m.kr.

**Nettó fjármunatekjur** voru 1.317 m.kr. eða 417 m.kr. yfir áætlun. Vaxtatekjur og verðbætur voru 962 m.kr. yfir áætlun og rekja má til hærri verðbólgu á tímabilinu en áætlun gerði ráð fyrir. Fjármagnstekjuskattur var 31 m.kr. yfir áætlun

## 2.3. Eignasjóður



Rekstur Eignasjóðs (í m.kr.)	Raun 2022_03	Áætlun	Frávik	%	Raun 2021_03	Breyting	%
Leigutekjur	6.943	6.415	528	8,2%	6.042	901	14,9%
Sala byggingaráttar	1.235	1.250	-15	-1,2%	729	506	69,4%
Sala fastafjármuna	355	100	255	256,1%	4	351	8310,9%
Aðrar tekjur	150	220	-70	-31,7%	162	-11	-7,1%
<b>Rekstrartekjur samtals</b>	<b>8.683</b>	<b>7.985</b>	<b>699</b>	<b>8,8%</b>	<b>6.937</b>	<b>1.746</b>	<b>25,2%</b>
Laun og launatengd gjöld	-548	-588	39	-6,7%	-510	-39	7,6%
Annar rekstrarkostnaður	-633	-692	59	-8,6%	-573	-60	10,5%
Afskriftir	-1.722	-1.811	88	-4,9%	-1.545	-177	11,5%
<b>Rekstrargjöld samtals</b>	<b>-2.903</b>	<b>-3.090</b>	<b>187</b>	<b>-6,1%</b>	<b>-2.627</b>	<b>-276</b>	<b>10,5%</b>
Fjármagnsliðir	-3.404	-2.077	-1.327	63,9%	-1.938	-1.466	75,6%
<b>EBITDA</b>	<b>7.502</b>	<b>6.705</b>	<b>797</b>	<b>11,9%</b>	<b>5.855</b>	<b>1.647</b>	<b>28,1%</b>
<b>EBIT</b>	<b>5.780</b>	<b>4.894</b>	<b>886</b>	<b>18,1%</b>	<b>4.310</b>	<b>1.470</b>	<b>34,1%</b>
<b>Rekstrarniðurstaða</b>	<b>2.376</b>	<b>2.817</b>	<b>-441</b>	<b>-15,7%</b>	<b>2.372</b>	<b>4</b>	<b>0,2%</b>

**Rekstrarniðurstaða Eignasjóðs var jákvæð um 2.376 m.kr.** en fjárhagsáætlun gerði ráð fyrir að niðurstaðan yrði jákvæð um 2.817 m.kr. og niðurstaðan því 441 m.kr. lakari en áætlað var.

**Rekstrartekjur** voru 8.683 m.kr. eða 699 m.kr. yfir áætlun. **Leigutekjur** voru 6.943 m.kr. eða 528 m.kr. yfir áætlun sem skiptist þannig að ytri leiga var 1 m.kr. yfir áætlun, innri leiga var 527 m.kr. yfir áætlun. **Sala byggingaráttar** nam 1.235 m.kr. og var 15 m.kr. undir áætlun. **Sala fastafjármuna** skilaði hagnaði sem nam 355 m.kr. og var 255 m.kr. yfir áætlun **og aðrar tekjur** voru 150 m.kr. eða 70 m.kr. undir áætlun.

**Rekstrargjöld** voru 2.903 m.kr. eða 187 m.kr. innan fjárheimilda sem jafngildir 6,1% fráviki. **Annar rekstrarkostnaður** var 633 m.kr. eða 59 m.kr. innan fjárheimilda. Þar af var Eignaskrifstofa 16 m.kr. innan fjárheimilda, Verkefnastofa þróunarmála var 6 m.kr. umfram fjárheimildir, skrifstofa borgarstjóra og borgarritara var 33 m.kr. innan fjárheimilda og umhverfis- og skipulagssvið var 17 m.kr. innan fjárheimilda. Ósamþykktir reikningar hjá Eignasjóði námu 59 m.kr. þar af voru reikningar vegna fjárfestinga um 31 m.kr.


**Nettó fjármagnsgjöld** voru 3.404 m.kr. eða 1.327 m.kr. hærri en áætlun gerði ráð fyrir sem rekja má til hærri verðbólgu á tímabilinu.

**Fjárfestingar** á tímabilinu námu 3.979 m.kr. eða um 375 m.kr. undir áætlun tímabilsins. Tekjur vegna gatnagerðargjalda námu 324 m.kr. eða 576 m.kr. undir áætlun. Nettó fjárfesting tímabilsins nam 3.654 m.kr. og reyndist 201 m.kr. undir því sem áætlun tímabilsins gerði ráð fyrir.

### 3. Nánar um A-hluta

#### 3.1 Aðalsjóður


##### 3.1.1 Íþróttá- og tómstundasvið



Rekstur ÍTR (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	452	456	-4	-0,9%
Laun og launat. gj.	804	803	2	0,2%
Annar rekstrark.	2.469	2.482	-13	-0,5%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>2.821</b>	<b>2.828</b>	<b>-7</b>	<b>-0,2%</b>

Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri íþróttá- og tómstundasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2022 í samanburði við fjárhheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raunniðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 2.821 m.kr.** sem var 7 m.kr. eða 0,2% innan fjárhaimilda



#### Þjónustubættir ÍTR

Málaflokkar ÍTR (m.kr.)	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2022	Frávik	Annar kosntaður	Áætlun 2022	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2022	Frávik	%
Styrkir	0	0	0	0	0	0	592	635	-43	592	635	-43	-6,7%
Sundlaugar	225	275	-49	430	416	14	411	412	-1	616	553	63	11,3%
Skíðasvæðin Höfuðb.	177	115	62	135	118	17	98	57	41	56	60	-4	0,0%
Framlög til skíðasv.	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	/
Fristundakort	0	0	0	0	0	0	395	430	-35	395	430	-35	-8,1%
Fjölskyldugarður	34	39	-5	70	78	-8	65	64	1	102	103	-1	-1,3%
Hitt húsið	5	5	0	85	98	-13	23	30	-7	103	123	-20	-16,0%
Ylströndin	10	2	8	11	12	-1	13	12	1	13	21	-8	-38,6%
Siglunes	0	0	0	3	0	3	2	3	0	6	3	3	126,3%
Gervigrasvellir	0	0	0	0	0	0	134	94	40	134	94	40	42,5%
Yfirstjórn ÍTR	0	0	0	45	41	4	12	12	0	57	53	4	7,2%
Atvinnumál	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	0	/
Íþróttahús	0	20	-20	10	12	-1	683	700	-17	693	692	2	0,3%
Keppnis og æfingavellir	0	0	0	0	0	0	11	7	4	11	7	4	63,9%
Langtímoveikindi	0	0	0	1	11	-10	0	0	0	1	11	-10	-94,4%
Annað	1	0	1	14	16	-2	28	26	2	42	43	-1	-2,8%
<b>Samtals</b>	<b>452</b>	<b>456</b>	<b>-4</b>	<b>804</b>	<b>803</b>	<b>2</b>	<b>2.469</b>	<b>2.482</b>	<b>-13</b>	<b>2.821</b>	<b>2.828</b>	<b>-7</b>	<b>-0,2%</b>

**Styrkir:** Voru alls 42,5 m.kr. lægri en fjárheimildir tímabilsins gerðu ráð fyrir eða 6,7%. Skýrist það helst af því að ekki var búið að ganga frá **byggingastyrkjum** fyrir árið 2022 á fyrstu 3 mánuðum ársins. Einnig voru húsaleigu- og æfingastyrkir undir áætlun og skýrist það af lokun Laugardalshallar. Auk þess eru margir stærstu samningar ÍTR bundnir við vísitölu sem hefur hún hækkað umfram áætlun, en hún gerði ráð fyrir 2,4% hækkun.

**Sundlaugar:** Nettó útgjöld vegna sundlauga voru um 616 m.kr. sem var 63 m.kr. eða 11,3% umfram fjárheimildir. Tekjur sundlauga voru 49 m.kr. eða 22,2% lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Engar takmarkanir voru á aðsókn í sundlaugar á árinu 2022. Þrátt fyrir það eru tekjur í sundlaugar umtalsvert lægri en áætlun gerði ráð fyrir. Laun og launatengd gjöld voru 430 m.kr. sem var 14 m.kr. umfram fjárheimildir eða 3,4%. Annar rekstrarkostnaður var 1 m.kr. innan fjárheimilda eða 0,2%.


**Skíðasvæðin:** voru 4 m.kr. innan fjárheimilda þar af voru tekjur skíðasvæðanna 62 m.kr. eða 53% yfir áætlun en aðsókn gekk vel framan af vertíðinni. Laun og launatengd gjöld voru 17 m.kr. umfram fjárheimildir. Annar rekstrarkostnaður var 41 m.kr. umfram fjárheimildir sem skýrist af meiri opnun en áætlun gerði ráð fyrir.

**Frístundarkortið:** fyrir tímabilið janúar – mars var heildarkostnaður vegna frístundakortsins 395 m.kr. sem er 35 m.kr. innan fjárheimilda eða 8,1%.

**Fjölskyldu og húsdýragarðurinn (FHG):** Var 1 m.kr. innan fjárheimilda. Tekjur FHG voru 5 m.kr. undir áætlun. Laun og launatengd gjöld voru 8 m.kr. innan fjárheimilda. Annar rekstrarkostnaður var 1 m.kr. umfram fjárheimildir.


**Gervigrasvellir:** Voru 40 m.kr. umfram fjárheimildir, skýrist það af hærri kostnaði vegna upphitunar á völlum sem nemur 33,7 m.kr. Veturinn var einn sá dýrasti í upphitun á gervigrasvöllum.

### 3.1.2 Menningar- og ferðamálasvið



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri menningar- og ferðamálasviðs fyrir tímabilið janúar - mars 2022 í samanburði við fjárheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar tölur eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 1.572 m.kr.** sem var 56 m.kr. eða 3,5% innan fjárheimilda tímabilsins.



### Þjónustubættir MOF


Málflokkar MOF - m.kr.	Tekjur	Áætlun 2022	Frávik	Laun og launatengd gjöld	Áætlun 2022	Frávik	Annar kostnaður	Áætlun 2022	Frávik	Nettó útgjöld	Áætlun 2022	Frávik tímabils	%
Yfirlitjörn	0	0	0	33	31	2	2	2	0	35	33	2	5,1%
Höfuðborgarstofa	1	1	0	15	15	0	3	10	-7	17	25	-7	-29,4%
Höfuðborgarstofa - EFA	0	0	0	0	0	0	1	0	1	1	0	1	0,0%
Borgarbókasafn	12	12	-1	198	200	-2	121	117	3	307	305	2	0,7%
Listasafn Reykjavíkur	51	29	22	72	75	-2	132	106	25	153	151	1	0,8%
Borgarsögsusafn	23	14	9	105	106	-1	104	108	-5	185	201	-16	-7,7%
Önnur menningarstarfssemi	12	9	3	20	19	1	17	29	-12	25	40	-14	-35,8%
Styrkir og samstarfsamningar	0	0	0	0	0	0	461	482	-21	461	482	-21	-4,4%
Framlög	0	0	0	0	0	0	383	383	0	383	383	0	0,1%
Annað	0	0	0	0	0	0	5	9	-4	5	9	-4	-48,4%
<b>Samtals</b>	<b>99</b>	<b>65</b>	<b>34</b>	<b>444</b>	<b>447</b>	<b>-3</b>	<b>1.227</b>	<b>1.246</b>	<b>-20</b>	<b>1.572</b>	<b>1.629</b>	<b>-56</b>	<b>-3,5%</b>

**Tekjur** tímabilsins voru í heild 34 m.kr. yfir áætlun. Í heild var aðgangseyrir tæpum 11 m.kr. yfir áætlun og og vörusala safnbúða var um 6 m.kr. yfir áætlun en tekið skal fram að áætlun á þessum liðum var varkár vegna mikillar óvissu. Styrkjaliður var rúmum 25 m.kr. yfir áætlun. Leigutekjur og aðrar sértekjur voru um 8 m.kr. undir áætlun.

**Launakostnaður** tímabilsins var 3 m.kr. innan fjárheimilda.


**Annar rekstrarkostnaður** var 20 m.kr. innan fjárheimilda. **Listasafn Reykjavíkur** var umfram fjárheimildir um 25 m.kr. sem skýrist að mestu af auknum gjöldum á móti veittum styrkjum og breyttri sýningardagskrá. **Önnur menningarstarfssemi** var innan fjárheimilda um 12 m.kr. en ætti að jafnast út þegar líða tekur á árið. **Styrkir og samstarfsamningar** voru um 21 m.kr. innan fjárheimilda en margir samningar voru enn óundirritaðir í lok mars og voru því ekki greiddir út. Gert er ráð fyrir að það jafnist út á næstu mánuðum.

### 3.1.3 Skóla- og frístundasvið



Myndin hér til hliðar sýnir niðurstöðu í rekstri skóla- og frístundasviðs fyrir tímabilið janúar – mars 2022 í samanburði við fjárhheimildir (endurskoðaða áætlun) tímabilsins. Prósentuhlutföll lýsa fráviki raun niðurstöðu miðað við endurskoðaða áætlun (hér eftir nefnd áætlun). Allar fjárhæðir eru í milljónum króna.

**Nettó útgjöld sviðsins voru 16.509 m.kr.** sem var 584 m.kr. umfram fjárhheimildir eða 3,7%.



Rekstur SFS (m.kr.)	Raun 2022	Áætlun 2022	Frávik	%
Tekjur	1.351	1.236	114	9,2%
Laun og launat. gj.	11.347	10.899	449	4,1%
Annar rekstark.	6.512	6.263	250	4,0%
<b>Nettó útgjöld</b>	<b>16.509</b>	<b>15.925</b>	<b>584</b>	<b>3,7%</b>

Í byrjun árs 2022 vegna mikillar útbreiðslu smita með tilheyrandi veikindum hjá miklum fjölda starfsmanna. Þann 25. febrúar var öllum takmörkunum aflétt af skólahaldi. Veikindahlutfall á tímabilinu var um 12,6% fyrir SFS í heild sem er langt umfram það sem hefur verið. Mikið var um útbreidd smit og veikindafjarvistir sem höfðu í för með sér mikið álag á stofnanir. Kostnaður við smitvarnir og aukin þrif voru tölverð á fyrstu mánuðum ársins.

Hér að neðan eru helstu liðir sem valda 297 m.kr. halla af þeim 584 m.kr. sem árshlutauppgjörið sýnir (sjá nánari sundurliðun í töflu).

Kostnaður sem bókaður hefur verið vegna Covid-19 vegna smitvarna og aukaþrifa var 25 m.kr. á árinu og vegna raka- og mygluskemmda um 47 m.kr. eða samtals 71 m.kr. sem beinn útlagður kostnaður sem hefur verið verkefnamerkur. Til viðbótar er tekjutap og eigin vinna sem ekki er verkefnamerkur. Ekki hafa komið auknar fjárhheimildir til að mæta þessum kostnaði.

Á árinu hafa nýir leikskólar/ævintýraborgir verið að opna, stofnkostnaður, annar en húsnæði, hefur verið gjaldfærður á leikskóla en eftir er að færa fjárhheimildir til SFS vegna þess kostnaðar, á tímabilinu er bókfærður kostnaður vegna nýrra leikskóla um 60 m.kr.

Nýtt grunnskólalíkan var tekið í notkun um síðustu áramót. Skólaárið 2021-2022 var skipulagt vorið 2021 og ráðningarár starfsmanna miðaðar við eldra líkan sem kann að hafa haft áhrif á skipulag skólastarfsins.

Rekstur leikskóla hefur verið í verulegum halla síðast liðin 2 ár. Nýtt leikskólalíkan er í vinnslu sem að varpa skýrara ljósi á úthlutun og fjárbörf leikskóla miða við þær kröfur sem gerðar eru til þeirra.

Verðlagsbreytingar á síðustu mánuðum hafa verið mun meiri en gert var ráð fyrir í fjárhagsáætlun, verður því enn meira frávik vegna hækunar á verði aðfanga miðað við fjárhheimildir sem tóku hækjun vegna verðlagsbreytinga. Fjárhheimildir vegna innri leigu á tölvubúnaði hafa ekki tekið breytingum í samræmi við hækjun á UTD kostnaði og fjölgun tækja sem samþykkt hafa verið og tengist stafrænni vegferð og fjölgun snjalltækja til grunnskólanema.

Halli SFS á tímabilinu janúar til mars 2022, hér að neðan eru helstu ástæður þess og útskýringar á útgjöldum sem valda halla:

Útgjöld sem valda halla	Fjárhæð, m.kr.	Helstu forsendur
Grunnskólar, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður	12	Bókfærður kostnaður með verkefnamerkingu COVID19
Leikskólar, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður	10	Bókfærður kostnaður með verkefnamerkingu COVID19
Frístundastarf, aukin aðkeypt þrif og annar kostnaður	2	Bókfærður kostnaður með verkefnamerkingu COVID19
Grunnskólar, kostnaður við eigin þrif	15	Miðað er við að kostnaður sé um 5 m.kr. á mánuði, jan-mars.
Leikskólar, kostnaður við Covid auka mönnun	69	Ígildi um eins stöðugildis á hvern leikskóla, jan-feb
Grunnskólar, kostnaður við Covid auka mönnun	40	Ígildi um eins stöðugildis á hvern skóla, jan-feb
<b>Samtals kostnaður við eigin þrif og hólfun vegna Covid</b>	<b>148</b>	
Gjaldfærður kostnaður vegna myglu í skólum	47	Bókfærður kostnaður með verkefnamerkingu M9000, auk aksturs starfsmanna í Fossvogsskóla vegna flutninga í Korpuskóla
Stofnun nýrra leikskóla	60	Útgjöld vegna stofnunar leikskóla, fjárhheimildir koma síðar á árinu
Stafræn vegferð - vanbætt leiga búnaðar	42	Auking á stafrænum búnaði í kennslu, fjárhheimildir hafa ekki fylgt
<b>Samtals mygla, nýr leikskólar og stafræn vegferð</b>	<b>149</b>	
<b>Samtals</b>	<b>297</b>	

Upplýsingar um auka mönnun er samkvæmt upplýsingum frá stjórnendum starfsstöðva.

#### Annar rekstrarkostnaður sviðsins greinist þannig:

Annar rekstrarkostnaður - SFS í heild	Raun (m.kr.)	Áætlun (m.kr.)	Frávik	%
Innri leiga húsnæðis og búnaðar	2.912	2.865	47	1,6%
Einkareknir skólar og tónlistarskólar	1.912	1.951	-39	-2,0%
Skólakostnaður greiddur til annarra sveitarfélaga	103	87	16	18,2%
Ýmis kostnaður:				
Hráefni í móturenti og aðkeyptur matur	561	455	106	23,3%
Kennsluefni	63	70	-8	-10,9%
Skólaakstur, akstur fatlaðra og sundakstur	157	159	-2	-1,2%
Aðkeypt ræsting, sorphirða og öryggisgæsla	211	173	38	21,8%
Viðhald og endurnýjun áhalda og eigna	141	124	17	13,5%
Húsaleiga	72	52	20	38,4%
Aðkeypt vinna	64	55	8	15,2%
Rafmagn, hiti og vatn	111	97	14	14,5%
Annar ýmiss kostnaður ósundurliðaður	310	261	49	18,7%
Samtals ýmis kostnaður	1.688	1.446	242	16,7%
<b>Samtals annar rekstrarkostnaður</b>	<b>6.513</b>	<b>6.263</b>	<b>250</b>	<b>4,0%</b>

